



Skólaráðsfundur 10. desember 2015

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Jenný Magnúsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Ólafur Eyjólfsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Birgir Örn Hjörvarsson formaður nemendafélags skólans, Fannar Ingi Arnbjörnsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð

1. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir niðurstöður samræmdra prófa hjá nemendum í 4., 7. og 10. bekk.
2. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir Sjálfsmatsskýrslu Njarðvíkurskóla fyrir síðasta skólaár.
3. Guðný Karlsdóttir sagði frá því að námsmatsteymi skólans vinnur að breytingum á námsmati fyrir nemendur 10. bekkjar eftir ákvæðum Aðalnámskrár. Það verður betur kynnt á næsta skólaráðsfundi.
4. Ásgerður Þorgeirsdóttir fór yfir skipulag desembermánaðar og þá viðburði sem eru í boði fyrir nemendur.
5. Önnur mál:
 - a. Sagt var frá þeirri nýbreytni að foreldrar geta nú tilkynnt veikindi hjá börnum sínum í gegnum Mentor
 - b. Jenný Magnúsdóttir, formaður foreldrafélagsins sagði frá breyttu fyrirkomulagi á jólaföndri foreldrafélagsins en það var á fimmtudagseftirmiðdegi og tókst það mjög vel.
 - c. Næsti fundur verður í byrjun febrúar og verður þá farið yfir starf nemendaráðs Njarðvíkurskóla þar sem formaður og varaformaður kynna starfið. Einnig verður farið nánar yfir hvernig námsmat í 10. bekk verður háttað sem og önnur mál.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri